



Reykjavík, 16. október 2020  
Fundargerð 212. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Föstudaginn 16. október var haldinn 212. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Hlé var gert á fundi frá kl. 8:40 til 9:30, milli dagskrárliða 6 og 7.

Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar, liðum 7. til 12., sátu fundinn Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH.

Undir liðum 7. og 8. sátu fundinn þeir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn hjá RLS.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. Fjárhagsáætlun, seinni umræða**

Síðari umræða um fjárhagsáætlun 2021 skv. starfsáætlun stjórnar. Fyrri umræða fór fram á 206. fundi stjórnar 18. september sl. Jafnframt var á 207. fundi, viku síðar, farið yfir hækkunar vegna kjarasamninga LSS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS: Fjárhagsáætlun 2021-2025, seinni umræða, dags. 14. október 2020.

*Afgreiðsla:* Frestað.

## **2. Skýrsla um innra eftirlit**

Farið yfir framkvæmd og niðurstöður innra eftirlits SHS sl. 12 mánuði.

Eftirfarandi lagt fram:

- Greinargerð SHS um innra eftirlit, dags. 16. október 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning, engar athugasemdir.

### **3. Gjaldskrá fyrir árið 2021**

Ný gjaldskrá fyrir árið 2021 lögð fram til samþykkis samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS 2021, dags. 16. október 2020.
- Minnisblað SHS: Gjaldskrá SHS 2021, dags. 16. október 2020.

*Afgreiðsla:* Frestað með fjárhagsáætlun.

### **4. Jafnlaunavottun SHS**

SHS hlaut jafnlaunavottun þann 1. október sl.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **5. Ný slökkvistöð**

Nokkrar staðsetningar fyrir nýja slökkvistöð hafa verið til skoðunar í tengslum við Arnarnesveginn. Nú liggja forsendur vegarins betur fyrir, áætlanir um framkvæmd og legu.

*Afgreiðsla:* Degi B. Eggertssyni formanni, Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs, og slökkviliðsstjóra falið að vinna tillögur að staðsetningu á grundvelli forsendna við Arnarnesveg.

### **6. Önnur mál SHS**

#### **6.1 Fundargerðir stjórnar – rafrænar undirskriftir**

Lagt til að teknar verði upp rafrænar undirskriftir á fundargerðum stjórnar SHS í samræmi við undirbúning þess.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

*Hlé tekið á dagskrá kl. 8:40. Fundur hófst að nýju á málefnum framkvæmdaráðs AHS kl. 9:30.*

### **7. Síðustu tölur**

Farið yfir tölfræði síðustu daga. Á höfuðborgarsvæðinu voru 1.015 manns í einangrun á miðvikudaginn, 87% af heildarfjölda þeirra sem eru í einangrun á landinu öllu, sem er fjölgun um 288 frá því í síðustu viku, eða 40%. Í sóttkví voru 2.391 sem er fækkun um 919 manns frá því fyrir viku. Á sjúkrahúsi eru 26 manns.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **8. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis**

Þórólfur og Víðir fóru yfir stöðuna og útlitið næstu daga. Verulegt álag er á nokkrum stöðum og hefur staðan verið þung í sóttvarnarhúsinu. Unnið er að ráðstöfunum vegna þess. Auk þess er mikið álag á sjúkrahúsinu, heilsugæslunni og sjúkraflutningum. Enn má gera ráð fyrir auknu álagi næstu daga, áður en hertar aðgerðir skila sér í fækkun smita. Minnisblað frá sóttvarnalækni er nú til umfjöllunar hjá heilbrigðisráðherra. Í því er gert ráð fyrir áframhaldandi takmörkunum.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **9. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra**

Mikið samstarf og samráð hefur verið á milli sveitarfélaganna, sviða og stofnana þeirra á grundvelli AHS. Sérstök áhersla hefur verið á skóla- og frístundasvið og á velferðarsvið. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa verið að störfum til að tryggja órofna starfsemi og til að grípa inn í þar sem upp hafa komið vandamál, smit og sóttkví.

Eftirfarandi lagt fram:

- Upplýsingar um smit og sóttkví í skólum, dags. 1. október 2020.
- Minnisblað AHS: Smit eftir fæðingarári, dags. 13. október 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **10. Ráðstafanir LRH**

Lögreglustjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH. Aukið álag er á lögreglu, meðal annars vegna starfa í sóttvarnahúsinu. Upp hafa komið smit innan lögreglu, nokkrir í einangrun og sóttkví.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **11. Ráðstafanir SHS**

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Aukið álag er í sjúkraflutningum og aukinn áhersla hefur verið lögð á sóttvarnir innan starfseininga SHS.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **12. Önnur mál AHS**

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:10

**Næsti fundur verður föstudaginn 23. október.**

Fylgiskjöl:

SHS:

- Minnisblað SHS: Fjárhagsáætlun 2021-2025, seinni umræða, dags. 14. október 2020.
- Greinargerð SHS um innra eftirlit, dags. 16. október 2020.
- Gjaldskrá SHS 2021, dags. 16. október 2020.
- Minnisblað SHS: Gjaldskrá SHS 2021, dags. 16. október 2020.

AHS:

- Upplýsingar um smit og sóttkví í skólum, dags. 1. október 2020.
- Minnisblað AHS: Smit eftir fæðingarári, dags. 13. október 2020.

---

Dagur B. Eggertsson

---

Rósa Guðbjartsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Ásgerður Halldórsdóttir

---

Haraldur Sverrisson

---

Ármann Kr. Ólafsson

# Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Haraldur Sverrisson

Ásgerður Halldórsdóttir

Rósa Guðbjartsdóttir

Ármann Kristinn Ólafsson

Gunnar Einarsson